Ed. **304. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um afnotagjald útvarpsnotenda.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir fengið umsögn útvarpsstjóra og Gunnlaugs Briems verkfræðings um þetta mál. Með skírskotun til ástæðna þeirra, er þeir taka fram i umsögnum sinum, sem hér með fylgja, leggur nefndin til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að unnið verði að því að gera útvarpsnotendum þeim, sem rafhlöðutæki nota, sem hægast fyrir um að ná til hleðslustöðva, til þess að þeim notist sem bezt af tækjunum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. nóv. 1934.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson.

Fylgiskjal I.

ÚTVARPSSTJÓRINN

Reykjavík, 27. okt. 1934

Háttvirt fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis hefir með bréfi dags. 15. þ. m. sent mér til umsagnar tillögu til þingsályktunar á þingskjali 58.

Um leið og ég leyfi mér að senda háttvirtri nefnd hjálagða umsögn verkfræðings útvarpsins, herra Gunnlaugs Briem, skal ég leyfa mér að fara um þetta mál nokkrum orðum:

Eins og umsögn verkfræðings útvarpsins ber með sér, er *reksturskostnaður straumtækja* að meðaltali *hærri* en *rafhlöðutækja*. Er þó hér gert ráð fyrir jöfnum notkunartíma. En hann er yfirleitt lengri í kaupstöðum og sjávarþorpum en í sveitum.

Kostnaðarins vegna virðist því sízt meiri ástæða til þess að lækka afnotagjald af rafhlöðutækjum heldur en af straumtækjum, einkum þar sem raforka er dýr.

Í greinargerð fyrir þingsályktunartillögunni er réttilega bent á örðugleika þá, sem eru samfara hleðslu rafgeyma í strjálbýli, þar sem langt er að sækja til rafmagns. Í sambandi við það er rétt að benda háttvirtri nefnd á það, að samkvæmt heimild í fjárlögum þessa árs, 22. gr. XIV, *hefir 30 mönnum í strjálbýli landsins verið á þessu ári veittur styrkur allt að 400 kr. í stað, til þess að koma upp hentugum hleðslustöðvum* og sem jafnframt hafa orðið ljósastöðvar fyrir viðkomandi heimili. Þetta hefir þegar dregið nokkuð úr hleðsluvandræðunum.

Ég vil, að fengnu áliti verkfræðingsins og að athuguðu þessu máli, leyfa mér að leggja á móti því, að tillaga þessi verði látin ná fram að ganga. Leyfi ég mér að gera í eftirfarandi atriðum fyllri grein fyrir þessu viðhorfi mínu:

1. Reksturskostnaður rafhlöðutækja er *ekki* meiri en straumtækja, heldur þvert á móti.
2. Úr hleðsluörðugleikum, sem eru sérstakir fyrir rafhlöðutæki, þar sem langt er að sækja til rafmagns, *verður ekki bætt með lækkun afnotagjaldsins,* heldur verður að ryðja þeim úr vegi *með því að bæta úr ástandinu.* Þetta verður gert á tvennan hátt:
   a. Með því að styrkja menn til þess að koma upp hentugum hleðslustöðvum, eins og nú er þegar byrjað á og eins og ég legg til að unnt verði að gera framvegis eftir nánari ákvörðunum ráðuneytis (sbr. 8. gjaldlið útvarpsins fyrir árið 1935).
   b. Með því að nota svonefndar „air-cell"-rafhlöður, sem verkfræðinguriinn hefir lýst á bls. 1 i umsögn sinni.
3. Hleðsluörðugleikar á tiltölulega litlum svæðum á landinu *réttlæta ekki lækkun afnotagjalds hvarvetna, þar sem rafhlöðutæki eru notuð en hleðsluörðugleikar eru litlir eða engir.* Þessvegna á ekki að jafna misræmi i aðstöðu til hagnýtingar útvarps með misjöfnu afnotagjaldi, *heldur með því að bæta úr sérstökum örðugleikum, þar sem þeir eru fyrir.*

4. Innheimta á misjöfnu afnotagjaldi í hinum ýmsu landshlutum yrði mjög örðug og *myndi kosta mikla aukna vinnu við eftirlit og á skrifstofu.*
5. Lækkun afnotagjaldsins vegna sérstakra, staðbundinna örðugleika myndi koma óréttlátlega niður og hafa í för með sér ísjárverða skerðingu á tekjum stofnunarinnar. Þetta er sérstaklega varhugavert nú, með því að stofnunin þarf á næstu árum á öllu sínu fé að halda vegna fyrirhugaðrar og bráðnauðsynlegrar aukningar stöðvartækjanna.

Af þessum ástæðum verð ég að leggja á móti tillögu þessari og vona að háttvirt fjárhagsnefnd verði mótfallin því að hún nái fram að ganga.

Virðingarfyllst

Jónas Þorbergsson.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

RÍKISÚTVARP ÍSLANDS

Reykjavík, 24. okt. 1934

Samkvæmt beiðni yðar, herra útvarpsstjóri, hefi ég athugað rekstrarkostnað útvarpstækja og borið saman meðalkostnað viðtækja fyrir rafhlöður og tækja, sem eru tengd beint við rafveitukerfi (straumtækja).

Rafhlöðutæki.

Stofnkostnaður:

Verð útvarpstækja, sem nægja fyrir stöðina á Suðvesturlandi, er nú 110 kr. (með rafhlöðum og rafgeymum). Þar við bætist loftnetsefni, sem kostar um 15—20 kr. Útvarpstæki, sem duga í hinum fjarlægari landshlutum, kosta 205 kr. eða 220 kr. með loftneti og öllu tilheyrandi efni. Enn stærri tæki, sem duga þar sem aðstaðan er allra verst og eru einkum ætluð fyrir útlönd, kosta frá 270—300 kr. með öllu efni.

Raforka:

Meðalstraumeyðsla rafhlöðutækjanna er 0,4 amp. úr rafgeymi og 8 milliamp. úr rafhlöðum. Gjald fyrir hleðslu rafgeyma er víðast hvar 1,00—1,50 kr. og er venjulega hið sama fyrir stóra og litla rafgeyma. Sé reiknað með að hver hleðsla endist 100 stundir, verður hleðslukostnaðurinn 1—1½ eyrir/std., en helmingi lægri við stærri rafgeyma, sem endast 200 std. Almenningur kaupir venjulega litla rafgeyma og lætur hlaða þá 10—12 sinnum á ári. Hið árlega hleðslugjald verður þá *10—18 kr./ári.*

Sumstaðar þarf að sækja hleðslu langan veg og yfir torfærur, og bætist þá við flutningskostnaður og hætta á að rafgeymirinn skemmist. Þar sem svo er ástatt, kemur til greina að nota svonefndar „air-cell" rafhlöður, sem ekki þurfa neina hleðslu, en eiga að endast allt að 1500 stundir. Kostnaðurinn með þeim verður þá rúmlega 3 aurar/std. Kostnaður vegna glóstraumsins reiknast

því 1—3 aurar/std. með flutningskostnaði, áætlað að meðaltali 2½ aurar/st. eða með 3ja stunda notkun á dag um *25 kr. á ári.*

Kostnaður af endurnýjun rafhlaðna verður að meðaltali um 3 aur/std. eða *30 kr. á ári* með 3ja stunda notkun á dag. Samkvæmt sölu Viðtækjaverzlunarinnar á rafhlöðum á síðasta ári koma 20—25 kr. á hvert rafhlöðutæki að meðaltali.

Lampar:

Kostnaður af endurnýjun lampa í rafhlöðutæki er talinn að meðaltali 1½ eyrir/std.

Straumtæki.

Stofnkostnaður:

Verð straumtækja fyrir Suðvesturland um 200 kr., en annarsstaðar 300 kr. og þar yfir.

Raforka:

Verð raforku frá rafveitum er mjög mismunandi, 0.50—1.50 kr./kwstd. (Stykkishólmur 0.80 kr., Siglufjörður 0.75 kr., Akureyri og Reykjavík um 50 aur. o. s. frv.) og er þá samkv. venju reiknað með verði ljósrafmagns.

Meðalrafmagnseyðsla straumtækja hefir mælzt að vera um 40 watt. Gjaldið fyrir raforku útvarpstækja verður því 2—6 aur/std. eftir rafmagnsgjaldskrá á hverjum stað.

Lampar:

Kostnaður af endurnýjun lampa í straumtæki er talinn að meðaltali um 4 aurar á klst.

Samanburður á rekstrarkostnaði rafhlöðutækja og straumtækja:

Miðað við 3ja stunda daglega notkun, verður árlegur kostnaður vegna raforku og lampa að meðaltali:

Fyrir rafhlöðutæki kr. 70.00 á ári.

Fyrir straumtæki kr. 70.00 til 110.00 á ári, eða um 85 kr. að meðaltali.

Annar viðhaldskostnaður er yfirleitt talsvert meiri við straumtæki heldur en rafhlöðutæki, en hann er að meðaltali lítill á móti kostnaðinum af raforku og lömpum.

Hinsvegar er það athyglisvert, að straumtæki eru yfirleitt notuð miklu meira en rafhlöðutæki, hvort sem það nú stafar af því að kaupstaðarbúar hafi yfirleitt meira laust fé eða fjölþættari áhugamál, meiri tungumálakunnáttu og æfingu í að heyra góða tónlist, eða af því að það er auðveldara að halda góðum hljóðstyrk og tóngæðum í straumtækjum. Ég gizka á, að hlustað sé að meðaltali um 750 stundir á rafhlöðutæki, en um 1500 stundir á straumtæki á ári. Raforku- og lampakostnaður rafhlöðutækja verður þá um 50 kr. á ári, en straumtækjanna um 115 kr. á ári.

Virðingarfyllst,

G. Briem.

Til útvarpsstjórans, Reykjavík.